

REGLUR

um breytingu (8) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Upphafsmálsliðir 1. mgr. 101. gr. reglna nr. 458/2000 breytast og verða svohljóðandi: Heimspekideild veitir kennslu sem hér segir:

Til B.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, finnska, fornleifafræði, franska, gríska, heimspeki, íslenska, ítalska, latína, norska, rússneska, sagnfræði, spænska, sænska, táknafræði og þýska. Auk þess er heimilt að taka upp kennslu í aukagreinum eftir nánari ákvörðun deildar.

Þá breytist 4. málsliður 1. mgr. 101. gr. reglnanna og verður svohljóðandi:

Til M.A.-prófs: Almenn bókmenntafræði, almenn málvísindi, danska, enska, fornleifafræði, heimspeki, íslenskar bókmenntir, íslensk málfræði, íslensk fræði, sagnfræði og tungutækni.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 8. febrúar 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

30 km hámarkshraði gildir á eftirtöldum svæðum:

Gerðahverfi I, þ.e. Akurgerði, Hamragerði, Stekkjargerði og Kotargerði.

Holtahverfi, þ.e. svæði sem afmarkast af Hörgárbraut að vestan, Hlíðarbraut að norðan, Krossanesbraut að austan og norðan Miðholts.

Hlíðarhverfi, þ.e. svæði sem afmarkast af Borgarbraut frá Glerá, Hlíðarbraut, Hörgárbraut og farvegi Glerár upp að Borgarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.